

Reglur um notendasamninga

Á grundvelli samnings sinnir Fjölskyldu- og fræðslusvið þjónustu við íbúa Vestmannaeyjabæjar samkvæmt reglum þessum

1.gr.

Grundvöllur notendasamnings

Reglur þessar eru settar skv. 28. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, með síðari breytingum og 10. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018. Á grundvelli samnings sinnir Fjölskyldu- og fræðslusvið Vestmannaeyjabæjar þjónustu við íbúa sveitarfélagsins samkvæmt reglum þessum.

2. gr.

Markmið og inntak notendasamnings

Markmið notendasamninga er að auka val einstaklinga og barnafjölskyldna um þjónustuform og fyrirkomulag stuðnings, að undangengnu faglegu mati. Notendasamningur felur í sér að notandi stjórnar því hver veitir aðstoðina, hvenær hún er veitt og hvernig, þannig að best henti hverjum og einum.

Notendasamningar geta verið í formi beingreiðslusamnings, þar sem notandi sér alfarið um starfsmannahald.

Inntak notendasamnings er að þjónustupörf notanda er metin í tilteknum fjölda klukkustunda á mánuði á grundvelli laga, reglna og faglegu mati Fjölskyldu- og fræðslusviðs Vestmannaeyjabæjar. Notanda er þó skylt að gæta að réttindum aðstoðarfólks í starfi þeirra.

Ef notandi getur ekki komið óskum sínum varðandi þjónustu á framfæri er honum skylt að hafa að lágmarki einn aðstoðarmann sem aðstoðar hann við samskipti vegna þjónustu sem er veitt samkvæmt reglum þessum.

3. gr.

Skilyrði

Umsækjandi þarf að uppfylla eftirfarandi skilyrði svo umsókn um notendasamning verði samþykkt:

- Umsækjandi sé með lögheimili í Vestmannaeyjum.
- Umsækjandi skal hafa náð 18 ára aldri.
- Foreldra/forsjáraðila fatlaðs barns í ákveðnum tilfellum og að uppfylltum nánar tilgreindum skilyrðum í reglum þessum.
- Umsækjandi skal búa í sjálfstæðri búsetu. Þeir sem búa á heimili fyrir fatlað fólk, s.s. í íbúðakjarna eða á sambylí, geta sótt um notendasamning sé stefnt að flutningi í sjálfstæða búsetu.
- Einstaklingar sem búa á hjúkrunarheimili eða stofnun og þar sem greidd eru daggjöld frá ríkinu eiga ekki rétt á þjónustu í formi notendasamnings.
- Hafi einstaklingur sem orðinn er 67 ára og hefur fengið þjónustu samkvæmt lögum nr. 38/2018 um þjónustu fólks með langvarandi stuðningsþarfir og

þjónustu í formi notendasamnings áður en hann náði þeim aldri getur hann átt rétt á því áfram að uppfylltum nánar tilgreindum skilyrðum í reglum þessum.

- Skilyrði fyrir því að notendasamningur sé gerður er að stuðningsþörf umsækjanda nemi að lágmarki 60 tímum á mánuði og að hámarki 392 tímum á mánuði. Notendasamningar ná öllu jafna ekki til næturþjónustu.

4. gr.

Orðskýringar

Aðstoðarfólk: Þeir sem sinna þjónustu við notanda samkvæmt reglum þessum.

Beingreiðslusamningur: Samningur milli notanda og Fjölskyldu- og fræðsluviðs Vestmannaeyjabæjar sem uppfyllir skilyrði III. kafla í reglum þessum og felur í sér að notandi, að uppfylltum skilyrðum, fær greidda ákveðna fjárhæð sem hann ráðstafar sjálfur til kaupa á þjónustu á grundvelli mats á þjónustupörf, sbr. 2. og 4. gr. í reglum þessum.

Mat á þjónustupörf: Samræmt mat um stuðningsþjónustu hjá Vestmannaeyjabæ sem er notað hjá Fjölskyldu- og fræðsluviði til að meta þörf notenda fyrir fjölda tíma í þjónustu sem og til að forgangsraða umsóknum hvað þjónustu varðar. Þjónustuparfir einstaklings eru metnar með tilliti til hreyfigetu og líkamlegrar færni, andlegrar færni, félagslegrar færni, félagslegra aðstæðna og stuðnings frá fjölskyldu og samfélagi ásamt samfélagsþátttöku og virkni.

Notandi: Einstaklingur sem sækir um þjónustu frá Vestmannaeyjabæ. Í þeim tilfellum sem foreldri/forsjáraðili gerir samning vegna barns skal litið á það sem notanda samkvæmt reglum þessum.

Sértæk búsetuúrræði: Íbúðarhúsnæði sem gert hefur verið aðgengilegt fyrir tiltekna notkun eða skilgreint sérstaklega fyrir tiltekinn hóp fatlaðs fólks þar sem veitt er samræmd þjónusta, svo sem í íbúðarkjarna.

Sjálfstæð búseta: Búseta á eigin heimili sem ekki fellur undir sértæk búsetuúrræði. Búseta fatlaðs einstaklings í foreldrahúsum fellur undir sjálfstæða búsetu.

Umsýslukostnaður: Sá kostnaður sem fellur til vegna umsýslu í tengslum við notendasamning og notanda er skylt að greiða, sbr. 11. gr. í reglum þessum.

II. kafli. Umsókn um þjónustu í formi notendasamning Mat á þörf á þjónustu og tímafjölda

5. gr.

Mat á notanda á þjónustu og tímafjölda

Þjónustupörf notanda er metin í tilteknum fjölda klukkustunda á grundvelli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, laga um þjónustu við fatlað fólk með umfangsmiklar þjónustuparfir og mati á þjónustupörf. Fjárhæð sem greidd er vegna hverrar klukkustundar í metinni þjónustu er reiknuð samkvæmt kostnaðarforsendum Fjölskyldu- og fræðsluviðs.

6. gr.

Þjónustubættir samkvæmt notendasamningi

Eftirtalin þjónusta verður hluti af notendasamningi og fellur þá þjónusta af hálfu Fjölskyldu- og fræðslusviðs Vestmannaeyjabæjar niður við gildistöku samnings. Notendasamningur getur náð til stuðnings- og stoðþjónustu eingöngu eða fleiri þjónustubáttum með hliðsjón af mati á stuðningsþörfum.

- a) Stuðningsþjónusta, sbr. VII. kafli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991.
- b) Stoðþjónusta, sbr. 1. tl. 1. mgr. 8. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018. Þá geta aðrir töluliðir 1. mgr. 8. gr. framangreindra laga einnig átt við, eftir því sem við á.
- c) Þjónusta stuðningsfjölskyldna, sbr. 15. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018.
- d) Skammtímadvöl, sbr. 17. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018.

Vernduð vinna, hæfing og dagþjónusta, heimahjúkrun og akstursþjónusta, eru alla jafna ekki hluti af notendasamningi.

6. gr.

Fjöldi greiddra þjónustutíma samkvæmt notendasamning

Fjármagn sem unnt er að veita á grundvelli samnings byggist á fjárhagsáætlun sveitarfélagsins, metinni þörf á klukkustundum í þjónustu samkvæmt mati á þjónustubörf og lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og lögum um þjónustu við fatlað fólk með umfangsmiklar þjónustubættir nr. 38/2018.

7. gr.

Umsókn og fylgigögn

Umsóknir um notendasamning eru afgreiddar á afgreiðslufundi Fjölskyldu- og fræðslusviðs Vestmannaeyjabæjar og hún ávallt háð fjárhagsáætlun hverju sinni. Ákvörðun um að veita þjónustu í formi notendasamnings skal taka á grundvelli faglegs mats á þjónustubörf ásamt því sem öll skilyrði III. kafla þessara reglna verða að vera uppfyllt.

Sé niðurstaða mats að stuðningsþörf sé minni eða meiri en ákvæði um umfang aðstoðar í notendasamningi sbr. 3. gr. reglna þessara ber að synja umsókn um notendasamning.

Umsókn um þjónustu í formi notendasamnings skal nálgast á íbúagátt á heimasíðu Vestmannaeyjabæjar. Notandi getur veitt öðrum aðila skriflegt umboð til þess að sækja um þjónustu í formi notendasamnings fyrir sína hönd.

Með umsókn skulu eftirfarandi gögn liggja fyrir, eftir því sem við á:

- a) Sjálfsmat.
- b) Örorkumat eða umönnunarmat.
- c) SIS-mat.
- d) Staðfesting á fötlun, s.s. með læknisvottorði.
- e) Upplýsingar úr vanskilaskrá.

8. gr.

Gildistími umsóknar

Umsókn um notendasamning gildir í 12 mánuði í senn og tekur mið af mati á stuðningsþörf umsækjanda. Ef aðstæður umsækjanda breytast verulega eftir að umsókn hefur verið samþykkt er heimilt að endurskoða gildistíma. Umsækjanda er ætíð heimilt að óska eftir endurmati á stuðningsþörf hafi orðið breytingar á færni eða aðstæðum hans.

III. kafli.

Skilyrði fyrir því að eiga rétt á þjónustu í formi beingreiðslusamnings

9. gr.

Grundvöllur beingreiðslusamnings og forgangur til þjónustu

Beingreiðslusamningur er gerður á grundvelli faglegs mats á þjónustubörf. Þeir notendur sem kunna að vera í forgangi til þess að fá þjónustu í formi beingreiðslusamnings eru þeir notendur sem eru með sértækar þarfir og sem Fjölskyldu- og fræðsluvið getur ekki veitt nauðsynlega þjónustu með viðunandi hætti, svo sem þegar þjónusta er mjög sérhæfð og umfangsmikil. Þá þarf einnig að liggja fyrir faglegt mat um að þjónusta veitt samkvæmt beingreiðslusamningi sé hentugt form til að mæta þjónustubörfum viðkomandi, sbr. 1. gr. í reglum þessum. Ekki er heimilt að veita að auki sömu þjónustu til að mæta sömu þörfum notanda frá Fjölskyldu- og fræðsluviði Vestmannaeyjabæjar og samið er um í beingreiðslusamningi.

Umsóknum er forgangsraðað með hliðsjón af mati á stuðningsþörf og hvaða afleiðingar töf á stuðningi hafi fyrir umsækjanda. Þeir sem eru með sértækar þarfir og þurfa sérhæfðan stuðning utan hefðbundins vinnutíma kunna að vera í forgangi.

Sé ekki unnt að hefja þjónustu strax eða innan þriggja mánaða frá samþykkt umsóknar skal umsókn sett á biðlista. Umsækjandi skal upplýstur um áætlaðan biðtíma og hvaða þjónusta geti staðið honum til boða á biðtíma sbr. reglugerð nr. 1035/2018 um biðlista, forgangsroðun og úrræði á biðtíma eftir þjónustu.

10. gr.

Skilyrði fyrir gerð beingreiðslusamnings

Grundvallarskilyrði fyrir gerð og gildistöku beingreiðslusamnings er að veiting þjónustu sem notandi á rétt á samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og lögum um þjónustu við fatlað fólk með umfangsmiklar þjónustubætur nr. 38/2018, falli niður af hálfu Vestmannaeyjabæjar, enda fær notandi í staðinn greidda ákveðna fjárhæð samkvæmt beingreiðslusamningi sem hann ráðstafar sjálfur til kaupa á metinni þjónustu, sbr. 2. gr., 4. gr. og 5. gr. í reglum þessum.

Útfærsla þjónustu í formi beingreiðslusamnings er ávallt háð fjárhagsáætlun Vestmannaeyjabæjar hverju sinni. Til þess að notandi eigi rétt á þjónustu í formi beingreiðslusamnings verður hann að uppfylla öll skilyrði 7. gr. í þessum reglum um grundvöll beingreiðslusamnings og forgang til þjónustu í formi beingreiðslusamnings, ásamt öðrum skilyrðum sem fram koma í þessum reglum.

11. gr.

Greiðslur vegna beingreiðslusamnings

Greiðslur frá Vestmannaeyjabæ til notanda hefjast við gildistöku beingreiðslusamnings. Greiðslur skal greiða fyrir fram fyrir einn mánuð í senn. Notandi greiðir kostnað sem fellur til vegna beingreiðslusamnings auk þess sem hann skal taka á sig þær skyldur sem uppfylla þarf varðandi umsýslu beingreiðslusamnings. Óheimilt er að reikna umsýslukostnað inn í samningsfjárhæð beingreiðslusamnings.

12. gr.

Fjárhæðir og meðferð fjármagns

Greidd fjárhæð vegna hvernar klukkustundar í metinni þjónustu er reiknuð samkvæmt kostnaðarforsendum Fjölskyldu- og fræðslusviðs Vestmannaeyjabæjar. Notandi ber ábyrgð á að ráðstafa fjármagni samkvæmt samningi í samræmi við mat á þjónustupörf. Notandi skal leggja fram öll nauðsynleg gögn til Vestmannaeyjabæjar þar að lútandi, sbr. 17. gr. í reglum þessum. Notanda er skylt að ráðstafa hverri mánaðargreiðslu í þeim mánuði sem hún er greidd. Notanda er þó heimilt að færa til greiðslur vegna vinnustunda milli mánaða innan almanaksársins og/eða á samningstímabilinu til þess að mæta breytilegum þjónustupörfum. Ef uppsafnaðar greiðslur vegna vinnustunda nema allt að einni mánaðargreiðslu samkvæmt beingreiðslusamningi skal Fjölskyldu- og fræðslusvið Vestmannaeyjabæjar óska eftir viðhlítandi skýringum á slíkri uppsöfnun. Ef fullnægjandi skýringar verða ekki veittar af hálfu notanda er Fjölskyldu- og fræðslusvið heimilt að endurkrefja notanda um fjárhæðina.

Notanda er skylt að skila afgangsfjármagni til Fjölskyldu- og fræðslusvið Vestmannaeyjabæjar í lok hvers almanaksárs. Heimilt er að lækka greiðslur næstu mánaða sem nemur þeirri fjárhæð sem notandi verður endurkrafinn um. Skil á fé og gögnum til Fjölskyldu- og fræðslusviðs er forsenda fyrir því að til endurnýjunar samnings geti komið. Fjölskyldu- og fræðslusvið Vestmannaeyjabæjar er heimilt að stöðva greiðslur tímabundið þegar notandi er ekki fær um að nýta þá þjónustu sem fjármagn er ætlað til. Í þeim tilvikum þarf þó að taka tillit til skuldbindinga sem notandi kann þegar að hafa stofnað til í tengslum við þjónustuna.

13. gr.

Gildistími beingreiðslusamnings

Í fyrsta sinn sem beingreiðslusamningur er gerður við notanda skal gildistími hans vera þrír mánuðir. Aldrei skal gera beingreiðslusamning til lengri tíma en eins árs í senn.

Ef óskað er eftir áframhaldandi þjónustu skal sækja um að nýju 4 vikum áður en notendasamningur rennur út. Skal þá kannað hvernig notendasamningur hefur nýst, hvort framkvæmd hans skili tilætluðum árangri og hvort skilyrðum notendasamnings sé fullnægt. Jafnframt skal endurmeta stuðningspörf.

IV. kafli.

Framkvæmd beingreiðslusamninga

14. gr.

Form og gerð beingreiðslusamnings

Notast ber við staðlað samningsform. Ef notandi er ólögráða gerir lögráðamaður hans samning við Fjölskyldu- og fræðslusvið fyrir hans hönd. Skal sá aðili annast alla framkvæmd samningsins fyrir hönd notanda.

15. gr.

Aðstoðarfólk

Notandi skal leita að aðstoðarfólki og ber hann ábyrgð á ráðningu aðstoðarfólks og aðra vinnuveitendaábyrgð þegar um beingreiðslusamning er að ræða. Að jafnaði er notanda eigi heimilt að velja sér aðstoðarmann sem er maki, sambýlismaður/sambýliskona eða náinn ættingi, sem heldur heimili með notanda. Í undantekningartilvikum er Fjölskyldu- og fræðsluvið heimilt að leyfa slíkt fyrirkomulag að sannanlegri ósk notanda en þá skal kveðið á um aukið eftirlit af hálfu Fjölskyldu- og fræðsluviðs í beingreiðslusamningi. Þó er heimilt að víkja frá þessu ákvæði þegar um fötluð börn er að ræða. Í slíkum tilvikum skal þó tryggt að tekið sé tillit til skoðana barns í samræmi við aldur þess og þroska.

Notandi skal gera samning við aðstoðarfólk sitt þar sem m.a. er kveðið á um réttindi og skyldur aðstoðarfólks, kjör, umfang vinnu, vinnufyrirkomulag og uppsagnarfrest.

16. gr.

Skilyrði fyrir ráðningu aðstoðarfólks

Aðstoðarfólk skal skila inn sakavottorði að beiðni notanda. Notanda er óheimilt að ráða aðstoðarfólks til þess að sinna þjónustu við sig ef viðkomandi hefur hlotið refsidóma vegna brota á ákvæðum XXII. og XXIII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Hafi viðkomandi verið dæmdur til refsingar fyrir brot á öðrum ákvæðum almennra hegningarlaga eða laga um ávana- og fíkniefni skal ráðgjafi í samráði við notanda meta áhrif þess á hæfni viðkomandi til að gegna því starfi sem um ræðir, m.a. að teknu tilliti til eðlis starfsins og alvarleika brotsins.

17. gr.

Eftirlit með beingreiðslusamningum og upplýsingaskylda

Stöðumat skal fara fram innan átta til tólf vikna frá upphafi gildistíma beingreiðslusamnings þar sem kannað er hvernig beingreiðslusamningur nýtist notanda og hversu vel markmið samnings hafa náðst. Fjölskyldu- og fræðsluviðs annast matið og skal það gert í samvinnu við notanda.

Notandi skal skila Fjölskyldu- og fræðsluviði skýrslu eigi sjaldnar en á 6 mánaða fresti um fjölda vinnustunda samkvæmt samningi sem hann hefur notað. Þá skal notandi leggja fram öll nauðsynleg gögn þar að lútandi, s.s. samninga við aðstoðarfólk, afrit greiddra reikninga og önnur gögn sem máli kunna að skipta í samræmi við beiðni starfsmanns Fjölskyldu- og fræðsluviðs. Eftir hvert almanaksár er notanda skylt að veita Fjölskyldu- og fræðsluviði Vestmannaeyjabæjar upplýsingar um samninga, tímaskrár og vinnuáætlanir sem tengjast beingreiðslusamningi notanda.

Auk þess ber notanda að leggja fram reikninga og staðfestingu á greiðslu til aðstoðarfólks. Notandi skal einnig afhenda öll gögn sem kveðið er á um í 2. mgr. þessa ákvæðis auk skattframtals. Þá er Fjölskyldu- og fræðsluvið heimilt að kalla eftir fyrrgreindum upplýsingum oftar ef þörf er á.

Endurmat á þjónustupörf notanda skal framkvæmt við endurnýjun samnings til lengri tíma en þriggja mánaða, ef þörf er á. Notandi skal tilkynna Fjölskyldu- og fræðsluviði tímanlega um þær breytingar á högum sínum sem geta haft áhrif á framkvæmd beingreiðslusamnings, þar á meðal um tímabundna dvöl annars staðar en á lögheimili

sem og um flutning lögheimilis. Breytingar á aðstæðum notanda sem áhrif hafa á þarfir hans fyrir stuðning geta leitt til endurmats á þjónustubörf samkvæmt samningi.

Fjölskyldu- og tómstundaráð Vestmannaeyjabæja ber ekki ábyrgð á rekstrarniðurstöðu eða fjárhagslegu tapi umsækjanda.

V. kafli

Vanefndir og uppsögn samnings

18. gr.

Uppsögn beingreiðslusamnings

Framkvæmd vegna beingreiðslusamninga skal fara í öllu að gildandi lögum, reglugerðum, opinberum fyrirmælum sem við eiga sem og almennum reglum vinnuréttar eftir því sem við á. Gagnkvæmur uppsagnarfrestur samningsaðila eru þrír mánuðir og skal tilkynna gagnaðila um uppsögn með skriflegum hætti svo unnt sé að skipuleggja þjónustu við notanda frá Fjölskyldu- og fræðslusviði Vestmannaeyjabæjar.

19. gr.

Vanefndir og riftun beingreiðslusamnings

Fjölskyldu- og tómstundaráð Vestmannaeyja ber að gæta þess að fjármagni beingreiðslusamnings sé ráðstafað á tilætlaðan máta og skal krefja notanda um endurgreiðslu fjármagns (sbr. almennum reglum kröfuréttar) sem honum hefur verið úthlutað eða hluta af því, sé sýnt fram á að eitthvert eftirtalinna tilvika eigi við:

- a) Fjármagnið að hluta til eða í heild hefur ekki verið nýtt til að koma til móts við skilgreindar þarfir notanda fyrir stuðning samkvæmt áætlun og samningi.
- b) Fjármagnið nýtt á annan hátt en kveðið er á um í samningi aðila.
- c) Ákvæðum samningsins hefur ekki verið fylgt.

Meinta vanefnd ber þó ávallt að tilkynna til gagnaðila með sannanlegum hætti og gefa honum kost á að gefa skýringar eða bæta úr innan hæfilegs frests. Fjölskyldu- og fræðslusvið Vestmannaeyjabæjar skal setja hæfilegan tímafrest fyrir því hvernig staðið skuli að úrbótum vanefnda. Séu úrbætur ekki gerðar innan þess tíma sem Fjölskyldu- og fræðslusvið tilgreinir, getur það krafist þess að notandi greiði þann kostnað sem af hlýst til að koma að nauðsynlegum úrbótum. Verði uppi ágreiningur milli Fjölskyldu- og fræðslusviðs Vestmannaeyjabæjar og notanda skal leitast við að jafna þann ágreining. Ef um verulegar vanefndir er að ræða geta aðilar rift samningi fyrirvaralaust.

20. gr.

Viðbrögð vegna riftunar

Í þeim tilvikum sem samningi er rift stöðvast greiðslur frá Fjölskyldu- og fræðslusviðs Vestmannaeyjabæjar til notanda á grundvelli beingreiðslusamnings þegar í stað.

VI. kafli.

Málsmeðferð

sbr. ákvæði stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 og ákvæði XVI. og XVII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

21. gr.

Könnun á aðstæðum

Kanna skal aðstæður notanda svo fljótt sem unnt er eftir að umsókn um notendasamning hefur borist. Fjölskyldu- og fræðsluvið Vestmannaeyjabæjar skal taka ákvörðun í máli svo fljótt sem unnt er og tryggja að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin.

22. gr.

Samvinna við notanda

Við meðferð umsóknar, öflun gagna og ákvarðanatöku skal leitast við að hafa samvinnu og samráð við notanda eftir því sem unnt er, en að öðrum kosti við aðstoðarmann/aðstoðarmenn/umboðsmann notanda eftir því sem við á.

23. gr.

Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum

Málgögn er varða persónulega hagi notanda skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Hafi starfsmenn kynnst einkahögum notanda eða annarra í starfi sínu er leynt eiga að fara samkvæmt lögum eða eðli máls er þeim óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi nema að fengnu samþykki viðkomandi. Notandi á rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál hans að svo miklu leyti sem það er í samræmi við lög og stangast ekki á við trúnað gagnvart öðrum.

24. gr.

Leiðbeiningar til notanda

Við afgreiðslu umsóknar skal starfsmaður Fjölskyldu- og fræðsluviðs Vestmannaeyjabæjar bjóða notanda félagslega ráðgjöf og veita upplýsingar og leiðbeiningar um réttindi sem hann kann að eiga annars staðar. Þá skal starfsmaður einnig upplýsa notanda um þær skyldur sem kunna að hvíla á honum vegna beingreiðslusamnings og leiðbeina honum um að leita upplýsinga um það hjá viðeigandi yfirvöldum, s.s. vegna skattskila og upplýsinga til Tryggingastofnunar ríkisins.

25. gr.

Rangar eða villandi upplýsingar

Beingreiðslusamningur sem gerður er á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hálfu notanda fellur þá þegar úr gildi og getur Fjölskyldu- og fræðsluvið Vestmannaeyjabæjar endurkafið notanda um þá fjárhæð sem úthlutað hefur verið samkvæmt almennum reglum kröfuréttar. Fjölskyldu- og fræðsluvið Vestmannaeyjabæjar skal þó sjá til þess að ekki verði rof á þjónustu. Ef sannreynt er við vinnslu máls að upplýsingar sem notandi hefur veitt eru rangar eða villandi stöðvast afgreiðsla umsóknarinnar á meðan notanda er gefið tækifæri á að leiðrétta eða bæta úr annmörkum.

26. gr.

Heimildir til ákvarðanatöku samkvæmt reglum þessum

Starfsmenn Fjölskyldu- og fræðsluviðs Vestmannaeyjabæjar taka ákvarðanir samkvæmt reglum þessum í umboði Fjölskyldu- og tómstundaráðs Vestmannaeyja. Fjölskyldu- og tómstundaráð Vestmannaeyja hefur heimild til að veita undanþágu frá reglum þessum ef sérstakar málefnalegar ástæður liggja fyrir og notandi fer fram á það með sérstakri beiðni til Fjölskyldu- og tómstundaráðs Vestmannaeyja innan fjögurra

vikna frá því notanda barst vitneskja um ákvörðun. Slík undanþága getur þó aldrei náð til þjónustupátta eða hámarkstímafjölda þeirra, sbr. 5. gr. í reglum þessum.

27. gr.

Kynning á ákvörðun um veitingu notendasamning

Kynna skal niðurstöðu umsóknar um notendasamning fyrir notanda með formlegum/skriflegum hætti svo fljótt sem unnt er. Sé umsókn hafnað í heild eða að hluta skal notandi fá skriflegt svar þar sem ákvörðun er rökstudd með skýrum hætti með vísan til stjórnslulaga nr. 37/1993, laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, laga um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992 og reglna sveitarfélagsins um notendasamninga við fatlað fólk og forsjáraðila fatlaðra barna í Vestmannaeyjum..

28. gr.

Áfryjun

Telji umsækjandi á rétt sinn hallað skv. reglum þessum getur hann skotið afgreiðslu Fjölskyldu- og fræðsluviðs til Fjölskyldu- og tómstundaráðs Vestmannaeyja, Kirkjuvegi 23, og skal það gert skriflega innan 4 vikna frá því að umsækjanda berst niðurstaða. Fjölskyldu og tómstundaráð skal fjalla um umsókn og taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er. Umsækjandi getur skotið ákvörðun Fjölskyldu- og tómstundaráðs Vestmannaeyja til Úrskurðarnefndar velferðarmála: félagsþjónusta og húsnæðismál Katrínartúni 2, 105 Reykjavík. Skal það gert inna þriggja mánaða frá því að tilkynning barst um ákvörðunina.

12. gr.

Gildistaka

Reglur þessar voru samþykktar í Fjölskyldu og tómstundaráði Vestmannaeyja þann 23.01.2025 og af Bæjarstjórn Vestmannaeyja þann 19.02.2025.